

Fimmtudaginn 30. apríl 1998.

Nr. 525/1997.

Ákærvaldið

(Ragnheiður Harðardóttir,
settur saksóknari)
gegn

Svani Inga Halldórssyni

(Sigurður Georgsson hrl.)

Líkamsárás. Neyðarvörn. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og jafnframt af hálfu ákærvalds með stefnu 22. desember 1997. Ákærvaldið krefst þess, að refsing ákærða verði þyngd.

Ákærði krefst sýknu af kröfum samkvæmt II. lið í ákæru, en að öðru leyti, að refsing verði milduð og hún skilorðsbundin.

I.

Fyrir Hæstarétti féllst ákærði á atvikalýsingu héraðsdómara og heimfærslu brots til refsíákvæðis, að því er varðar I. ákærulið. Með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest niðurstaða hans um sakfellingu ákærða fyrir brot samkvæmt þeim lið ákæru.

II.

Mál þetta er risið af atburðum, sem urðu á Akranesi aðfaranótt 22. mars 1997. Ákærði var þá um nóttina settur í fangaklefa á lög-reglustöðinni, og gaf hann skýrslu fyrir lögreglufulltrúa að kvöldi þess dags. Í skýrslunni skýrði ákærði svo frá um atvik, sem II. liður ákæru tekur til, að Sævar Líndal Helgason hefði hrópað eitthvað um, að ákærði og bræður hans hefðu verið að ráðast á Vilhjálm Birgisson. Hefði Sævar reynt að slá til ákærða, en honum hefði fyrst verið haldið af kunningjum sínum. Ákærði kvaðst hafa reynt að forða sér. Sævar hefði elt sig og reynt að slá sig, en ekki tekist það. Ákærði kvað Sævar síðan hafa hlaupið til, og hefðu þeir báðir fallið á gangstéttina. Í lögregluskýrslunni segir síðan: „Þá kveðst kærði

hafa slegið hann tvö til þrjú hnefahögg í andlitið, um leið og kærði stóð upp.“ Ákærði sagði nánar aðspurður, að hann hefði slegið Sævar föst hnefahögg beint í andlitið og meitt sig í hendinni við höggin.

Í skýrslu fyrir héraðsdómi 17. október 1997 viðurkenndi ákærði og að hafa slegið Sævar í andlitið, en frásögn hans af atvikum er nokkuð á annan veg en framburður hans í lögregluskýrslu. Kvað ákærði Sævar hafa dottið og ráðist á sig, eftir að hann hefði staðið upp aftur. Hefði Sævar ætlað að slá ákærða, en hann náð að verja sig og slegið Sævar oftast en einu sinni í andlitið. Við það hefði Sævar fallið aftur og ákærði þá hlaupið á brott.

Ákærði ber einkum fyrir sig, að verknaður sinn sé refsilaus, vegna þess að verknaðurinn hafi verið unninn af neyðarvörn, sbr. 12. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þegar litið er til frásagnar ákærða sjálfs, verður ekki fallist á, að háttsemi hans verði metin neyðarvörn gegn áðurnefndum Sævari, sbr. 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga. Af sömu ástæðum verður ekki heldur beitt ákvæði 2. mgr. sömu greinar.

Brot ákærða, sem lýst er í II. lið ákæru, er í héraðsdómi réttilega talið varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með vísun til forsendna héraðsdóms verður staðfest niðurstaða hans um sakfellingu ákærða að þessu leyti.

III.

Svo sem nánar greinir í héraðsdómi, rauf ákærði með framangreindum brotum sínum skilorð samkvæmt dómi Héraðsdóms Vesturlands 21. nóvember 1995, þar sem hann var dæmdur til að sæta varðhaldi í 60 daga fyrir tvær líkamsárásir, en fullnustu refsingar var frestað í þrjú ár.

Ákærði var á 18. ári, er hann framdi brot þau, sem þetta mál varðar, en tæplega 16 ára gamall, þegar hann gerðist sekur um þá háttsemi, sem hann var dæmdur fyrir í dóminum 21. nóvember 1995. Ber að hafa það í huga við ákvörðun refsingar, sbr. 4. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.

Í vitnaframburði, sem rakinn er í héraðsdómi, kemur fram, að Sævar Líndal Helgason egndi ákærða með framferði sínu fyrir lík-

amsárásina, sem um ræðir í II. lið ákæru. Í dóminum kemur einnig fram, að Vilhjálmur Birgisson átti að miklum hluta upptök að því, að til þeirrar árásar kom, sem lýst er í I. ákærulið. Verður litið til þess við ákvörðun refsingar, sbr. 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga, eins og lögnum var breytt með 12. gr. laga nr. 20/1981. Í ljósi þessa þykja ekki nægileg efni til að raska niðurstöðu héraðsdóms um refsingu. Verður dómurinn því staðfestur.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Svanur Ingi Halldórsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmans, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 11. nóvember 1997.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. október sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir dóminum með svofelldu ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 26. júní 1997, á hendur X og Svani Inga Halldórssyni, kennitala 030879-3419, báðum til heimilis að Rjúpufelli 25, Reykjavík, fyrir líkamsárásir, framdar á Kirkjubraut á Akranesi aðfaranótt laugardags 22. mars 1997.

„I. Ákærðu er gefið að sök að hafa eftir átök við Vilhjálm Elías Birgisson, kt. 050865-5339, sparkað margsinnis í hann, þar sem hann lá í gangstétt fyrir utan veitingastaðinn Barbó, með þeim afleiðingum, að Vilhjálmur Elías marðist á bók og útlimum, við tungurót og við hægri auga og hlaut kúlu á enni.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

II. Ákærða Svani Inga er gefið að sök að hafa stuttu eftir ofangreindan atburð slegið Sævar Líndal Helgason, kt. 150978-3519, hnefahögg í andlit við hús nr. 4-6 (?), svo að Sævar Líndal féll á gangstéttina, og slegið hann mörg hnefahögg í andlit, þar sem hann lá, með þeim afleiðingum, að Sævar

Líndal nefbrotnaði og hlaut skurði í andlit, sem sauma þurfti með sex sporum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar“.

Af hálfu ákærða X hefur þess verið krafist aðallega, að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins og allur kostnaður sakarinnar verði felldur á ríkissjóð, þ. m. t. hæfileg málsvarnarlaun til handa verjanda ákærða.

Af hálfu ákærða Svans Inga hefur þess verið krafist aðallega, að ákærða verði ekki refsað vegna I. liðar ákæru og sýknu af II. lið ákæru, en til vara, að ákærða verði ekki gerð refsing vegna brots í II. lið ákæru. Til vara var krafist vægustu refsingar. Þá hefur þess verið krafist, að allur kostnaður sakarinnar verði lagður á ríkissjóð, þ. m. t. hæfileg málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða.

II.

Ákæruliður I.

Samkvæmt rannsóknarskýrslu lögreglunnar á Akranesi var aðfaranótt laugardags 22. mars sl. tilkynnt um alvarleg áflog í bænum fyrir utan veitingahúsið Barbró. Er lögregla kom á vettvang, lá kærandi, Vilhjálmur Elías Birgisson, þar rænulitill á stéttinni og kvartaði um verki í baki og hálsi. Var hann fluttur á Sjúkrahús Akraness.

Daginn eftir atvik kærði Vilhjálmur Elías Birgisson til lögreglunnar ákærðu fyrir líkamsárás. Kærandi hefur skýrt svo frá, að ákærðu hafi með höggum og spörkum veitt sér þá áverka, sem getið er um í ákæru. Kvaðst kærandi hafa verið að skemmta sér á H-barnum umrædda nótt. Hafi hann verið mjög ölvaður, er hann hafi komið út af skemmtistaðnum, og reynt að ná í leigubíl án árangurs. Kærandi kvaðst einungis muna eftir því frá atvikum þessarar nætur, að hann hafi legið á götunni, haldið um höfuð sér, en ákærðu sparkað í sig. Kærandi kvaðst ekki muna, hvers vegna hann lá á götunni, en kvað vera mega, að hann hafi með orðum egnt ákærðu. Hins vegar kvaðst hann hafa verið svo ölvaður, að hann hafi ekki haft burði til þess að eiga í átökum.

Í áverkavottorði Einars Hjaltested, aðstoðarlæknis á Sjúkrahúsi Akraness, sem lagt hefur verið fram í málinu, dags. 1. apríl 1997, segir m. a. um áverka kæranda: „... Við komu er hann með kúlu hæ. megin á enni, ca. 2×3 cm, með verki undir hæ. kjálkabarði og eymsli þar yfir, enn fremur með verki og eymsli í tungu, og v. skoðun þar sést mar við tungurót hæ. megin. Hann er með mar neðan við vi. auga og töluverð eymsli þar yfir, eymsli yfir

hnakkabeini vi. megin yfir að processus mastoideus, stirður í hálsþreyfingum og finnur til við að hreyfa sig gegn mótstöðu.

Hann er með töluverð þreifiefymsli við vi. pectoralis major vöðva, en þó ekki indirect eymsli á thorax. Er með mar á baki yfir hæ. herðablaði, eymsli neðarlega vi. megin í thorax að aftan, og eru þar einnig hreyfiefymsli við að hreyfa vi. öxl. Amur yfir vi. olecranon og með bólgu þar og marinn. Hreyfiefymsli eru við extension í olnboga gegn mótstöðu. Er með mar á vi. handarbaki milli metacarpal-beina II og III, með mar yfir os pisiforme á hæ. úlnlið og með þreifiefymsli þar yfir. Stingur við, þegar hann gengur og er með hreyfiefymsli og út-rotation á hæ. mjöðm og með þreifiefymsli hæ. megin í mjóbaki, og leiðir það niður í hæ. rasskinn og læri. Þessi áverki er metinn þrisvar í skoðun, 22. 3. við komu og seinna um daginn, einnig að morgni 24. 3.

Rannsókn og gangur.

Hann fór að finna fyrir auknum óþægindum í brjóstkaða við djúpa öndun og kemur því í röntgenmyndatöku af thorax og andlitsbeinum 26. 3., en ég sá hann ekki þá. Við skoðun á þeim myndum sáust engin merki um brot á thorax og ekki heldur á andlitsbeinum. Sinusar loftfylltir. Þessi túlkun á rtg-myndum gerð með fyrirvara um úrlestur röntgenlæknis síðar meir.“

Ákærði Svanur Ingi hefur viðurkennt að hafa framið brot það, sem getið er í ákæru, og kvaðst eftir átök við kæranda hafa sparkað margsinnis í hann, þar sem hann lá á gangstétt fyrir utan veitingastaðinn Barbró.

Ákærði X kvaðst hafa verið fyrir utan veitingastaðinn Barbró umrædda nótt ásamt bræðrum sínum, meðákærða Svani og Ólafi Halli. Þeir hafi verið að koma af veitingastaðnum H-barnum, og hafi meðákærði Svanur farið að rífast við kæranda og síðan farið að fljúgast á. Ákærði kvað kæranda síðan hafa ráðist á sig með orðum og ýtt við sér. Kvaðst ákærði hafa brugðist illa við og slegið kæranda mörg högg og einnig sparkað í hann. Kærandi hafi svarað í sömu mynt, uns hann hafi fallið til jarðar, en ákærði kvaðst eftir það hafa látið kæranda afskiptalaus.

Fyrir dómi gáfu skýrslu vitnin Þórólfur Guðmundsson, Sigurður Ármannsson, Jónas Páll Þorláksson, Anna Sigríður Jóhannesdóttir og Jóhann Ragnar Júlíusson.

Vitnið Þórólfur Guðmundsson kvaðst hafa verið að koma út af H-barnum umrædda nótt, er hann hefði orðið var við kæranda, sem hefði verið að kalla á ákærðu og bróður þeirra, Ólaf Hall. Stuttu síðar hefði kærandi tekið upp flösku og hlaupið með hana reidda til höggs í átt að ákærðu. Vitnið kvaðst síðan hafa séð kæranda, ákærðu og Ólaf Hall vera að rífast og í áflogum. Leikurinn hefði síðan borist yfir á bílastæðið við veitingastaðinn

Barbró og átök milli þeirra haldið þar áfram. Í þeim átökum hefði einhver þeirra lent utan í bíl, sem þar stóð, og kærandi dottið í götuna. Eftir það hefði Ólafur Hallur dregið sig í hlé, en ákærðu haldið áfram að sparka í kæranda, liggjandi. Hins vegar kvaðst vitnið ekki hafa fylgst með því, hver sparkaði, bæði þar sem margt fólk hefði staðið þar í kring og byrgt sér sýn að einhverju leyti, og eins hefði vitnið snúið sér undan, þar sem sér hefði blöskrað árásin.

Vitnið Sigurður Ármannsson kvaðst hafa verið staddur á bílastæðinu fyrir utan veitingastaðinn Barbró, er umrætt atvik varð. Þar hefði kærandi verið mjög æstur og vitnið reynt að róa hann. Nokkrum mínútum síðar kvaðst vitnið hafa heyrt dynk, litið við og séð kæranda liggja í götunni. Vitnið kvaðst þá hafa verið staddur um einn og hálfan metra frá atburðum. Hefðu ákærðu þá látið spörk dynja á kæranda. Vitnið kvaðst hafa hikað í fyrstu, en síðan stökkið til og kastað sér yfir kæranda honum til hlífðar.

Vitnið Jónas Páll Þorláksson kvað ákærðu báða og bróður þeirra, Ólaf Hall, hafa verið að rifast og í handalögmálum við kæranda fyrir utan Barbró. Í þeim átökum hefði kærandi dottið, og kvaðst vitnið hafa séð ákærða Svan sparka í bak kæranda, en síðan hefðu ákærðu gengið á brott. Vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir því, að vitnið Sigurður Ármannsson reyndi að koma kæranda til hjálpar, og kvaðst raunar sjálfur hafa verið hjá kæranda, uns sjúkrabifreið kom á vettvang.

Vitnið Anna Sigríður Jóhannesdóttir kvaðst hafa orðið vitni að því, að kærandi hefði haldið í ákærða Svan með flösku reidda til höggs. Hún kvaðst jafnframt hafa séð ákærða Svan sparka í kæranda, þar sem hann lá í götunni.

Vitnið Jóhann Ragnar Júlíusson kvaðst hafa orðið vitni að átökum milli ákærðu og bróður þeirra annars vegar og kæranda hins vegar umrædda nótt. Bar hann, að ákærði Svanur Ingi hefði sparkað í kæranda, þar sem hann lá í götunni. Fyrir dómi bar vitnið, að hann hefði séð báða ákærðu sparka í kæranda, en hjá lögreglu bar vitnið, að hann hefði einungis séð ákærða Svan Inga sparka í kæranda.

Ákæruliður II.

Samkvæmt rannsóknarskýrslu lögreglunnar á Akranesi var henni nokkrum mínútum eftir, að fyrrgreint atvik var tilkynnt lögreglu, tilkynnt um önnur áflog í bænum og nú fyrir utan verslunina Nínu við Kirkjubraut. Er lögregla kom þar að, hafði Sævar Líndal Helgason verið fluttur af vettvangi í sjúkrabíl.

Tveimur dögum eftir atvik kærði Sævar Líndal Helgason til lögreglunnar

ákærða Svan Inga fyrir líkamsárás. Kærandi hefur skýrt svo frá, að umrædda nótt, er hann hafi verið að koma út af veitingastaðnum Barbró, hafi sér verið sagt, að ákærði Svanur hefði skömmu áður brotið rúðu í bifreið félaga kæranda. Kvaðst kærandi þá hafa gengið að ákærða, skammað hann og rifist í honum. Kvaðst kærandi hafa verið mjög ölváður og æstur, m. a. vegna þess, að hann hefði talið ákærða hafa „tekið frá sér unnustuna“, eins og hann orðaði það. Kærandi kvað ákærða hafa gengið áfram niður Kirkjubrautina, og kvaðst kærandi hafa elt ákærða. Er þeir hefðu verið á móts við verslunina Nínu, kvaðst kærandi hafa verið orðinn „öskubrjáláður“ og gert atlögu að ákærða og slegið til hans. Kærandi kvað einhvern hafa reynt að draga sig frá ákærða, en í sömu mund hefði hann fengið högg eða hoppað hefði verið á sig. Við það hefði hann fallið til jarðar. Við yfirheyrslu fyrir dómi var haft eftir kæranda: „Ég var með læti þarna og var að rífa í hann og eitthvað svoléiðis. Sjálfsagt hef ég átt skilið eitt högg. Maðurinn hefur þurft að gera eitthvað til þess að losna undan mér, það segir sig sjálf.“

Í áverkavottorði Einars Hjaltested, aðstoðarlæknis á Sjúkrahúsi Akraness, sem lagt hefur verið fram í málinu, dags. 9. apríl 1997, segir m. a. um áverka kæranda: „... með mikla bólgu yfir nefi og mikinn bjúg á hæ. auga, sem eykst mikið daginn eftir innlögn. Þá er augað alveg sokkið, og hann getur varla opnað það. Er með mar kringum hæ. auga. Þrír litlir skurðir, 1/2–1 cm hver, ofarlega á nefi. Einn er við hæ. augnkrók og tveir beint yfir nefbeini. Mikil þreifiefymsli eru yfir nefbeini. Lýsir dofa kringum nef og kinnbein og kringum varir. Tekin er rtg-mynd af nefi og andlitsbeinum, sem sýnir brotið nefbein, en kinnholur eru loftfylltar og ekki að sjá nein brot þar. Sauma þarf í allt að sex spor í andlit, en ekki þótti ástæða til röntgenmyndatöku af mjóhrygg, en hann er með sögu um bakverki.“

Lá á S. A. 22. og 23. Lagðist inn á nýju 25. 3. og gerð réttning á nefbeini í svæfingu. Óvíst er um varanlegar eftirstöðvar áverka.“

Ákærði Svanur Ingi kvaðst hafa verið á heimleið umrædda nótt ásamt kærustu sinni. Kvaðst hann hafa verið undir áhrifum áfengis. Kvað hann kæranda hafa elt þau og verið að rífast við kærustuna. Kærandi hefði öskrað á þau og ýtt við ákærða, en menn að nafni Rögnvaldur og Jón Rúnar haldið honum. Hafi þau þá haldið leið sína áfram, en stuttu síðar hafi kærandi losnað úr tókum þeirra tveggja, sem héldu honum, og komið hlaupandi á eftir þeim. Kærandi hefði dottið á hlaupunum, en staðið upp og hlaupið að þeim ákærða og kærustu hans. Hafi kærandi þar ráðist að ákærða og reynt að koma á hann höggi, en ákærði kvaðst hafa getað varist því og slegið kæranda nokkur högg í andlit. Við það hefði kærandi dottið í götuna og ákærði farið á brott.

Vitnið Þórólfur Guðmundsson kvaðst hafa verið staddur við Kirkjubraut á móts við verslunina Nínu á tali við félagana sína, er hann hefði séð, hvar kærandi kom hlaupandi niður Kirkjubrautina. Hefði kærandi virst mjög æstur og öskrað. Vitnið kvað einhvern hafa verið á eftir kæranda og reynt að halda aftur af honum. Er hann hefði komið að ákærða, sem hefði verið á göngu niður Kirkjubrautina, hefði ákærði snúið sér við og slegið kæranda þungt og mikið högg í andlit. Kærandi hefði fallið í götuna við höggið. Vitnið kvaðst þá hafa hlaupið yfir götuna og komið að honum liggjandi, og hefði blætt úr nefi hans. Hefði kærandi beðið um hjálp, og skömmu síðar hefði sjúkrabíll komið þar að.

Vitnið Anna Sigríður Jóhannesdóttir kvaðst hafa gengið á eftir kæranda niður Kirkjubrautina umrædda nótt, en kærandi hefði þar verið að elta ákærða, sem verið hefði á heimleið. Kvað vitnið einhvern hafa reynt að halda aftur af kæranda með því að toga í hann. Kærandi hefði verið að ýta við ákærða, en skyndilega hefði ákærði snúið sér við og slegið kæranda tvö högg í andlit, svo að kærandi féll við. Ákærði hefði síðan haldið áfram göngu sinni, en vitnið kvaðst hafa verið hjá kæranda, uns sjúkrabílfreið kom þar að og flutti kæranda á Sjúkrahús Akraness.

Vitnið Jóhann Ragnar Júlíusson kvaðst hafa séð ákærða á göngu niður Kirkjubraut umrædda nótt og kæranda á eftir honum. Kærandi hefði ýtt við ákærða, sem reynt hefði að koma sér undan. Er þeir hefðu verið komnir á móts við verslunina Nínu, hefði kærandi stokkið að ákærða og reynt að slá hann, en ákærði tekið um hönd kæranda, snúið hann niður og um leið slegið kæranda nokkur högg í andlit. Vitnið kvaðst hafa verið handan götunnar, er atvikið varð.

Vitnið Rögnvaldur Skúlason kvaðst hafa komið að kæranda og ákærða, þar sem þeir hefðu verið að rífast fyrir utan veitingastaðinn Barbró. Vitnið kvaðst hafa gengið á milli þeirra og haldið kæranda, sem verið hefði mjög æstur. Hefði ákærði þá gengið á braut. Er ákærði hefði verið kominn úr augsýn, kvaðst vitnið hafa sleppt tókum sínum á kæranda, sem tekið hefði á rás niður Kirkjubrautina.

III.

Niðurstöður.

Ákæruliður I.

Samkvæmt framburði ákærða X réðst hann á kæranda, þar sem þeir voru staddir fyrir utan veitingastaðinn Barbró aðfaranótt 22. mars sl. Ákærði hefur viðurkennt að hafa þar veitt kæranda mörg högg og sparkað oft sinnis í hann, en þó ekki, eftir að kærandi féll til jarðar. Ákærði Svanur Ingi hefur

játað að hafa sparkað í kæranda, þar sem hann lá í götunni. Þrátt fyrir það að ekki verði fullyrt í smáatriðum um háttsemi ákærðu, er samkvæmt framansögðu sannað, að þeir hafa gerst sekir um líkamsárás, og telst háttsemislýsing í ákæru nægilega skýr, þótt ekki verði fullyrt nákvæmlega, hvort kærandi lá eða stóð, er hann hlaut áverka sína.

Samkvæmt framburði ákærðu beggja, kæranda og vitna var kærandi töluvert ölvæður greint sinn og áreiðni ákærðu með orðum. Þrátt fyrir það að háttsemi kæranda sjálfs hafi ekki verið vítalaus, verður ekki talið, að áreitni kæranda réttlæti á nokkurn hátt viðbrögð ákærðu.

Dómarinn telur í ljós leitt með eigin játningum ákærðu, fram lögðu áverkavottorði og framburði vitna, að ákærðu hafi valdið Vilhjálmi Elíasi Birgissyni þeim áverka, sem í ákæru greinir. Þrátt fyrir það að ekki verði fullyrt, hver það var, sem veitti kæranda þá áverka, sem um ræðir, telst þáttur hvors ákærða um sig nægilegur til þess að meta þá báða aðalmenn í brotinu.

Með háttsemi sinni hafa ákærðu gerst brotlegir við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákæruliður II.

Þótt ekki verði heldur hér frekar en í I. lið ákæru fullyrt um, hvort kærandi stóð eða lá, er ákærði veitti honum hin mörgu hnefahögg, sem hann hefur viðurkennt að hafa veitt kæranda, verður að telja háttsemislýsingu í ákæru nægilega skýra um þetta atriði. Með eigin játningu ákærða, fram lögðu læknisvottorði og framburði vitna er sannað, að ákærði Svanur Ingi olli Sævari Línadal Helgasyni þeim áverka, sem í ákæru greinir. Með háttsemi sinni hefur ákærði gerst brotlegur við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing.

Ákærði Svanur Ingi hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 217. gr. og 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt sakavottorði Svans Inga var hann 21. nóvember 1995 dæmdur í 60 daga varðhald, skilorðsbundið í þrjú ár, frá 8. desember 1995 fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. og 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Dómurinn frá 21. nóvember 1995 verður nú tekinn upp, en ákærði rauf skilorð hans með brotum sínum, sem hér er fjallað um. Refsing hans, sem ákveðin er með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, þykir hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú mánuði.

Ákærði X hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt sakavottorði X hefur hann með sátt 27. apríl 1995 hjá lög-
reglustjóranum í Reykjavík undirgengist sektargreiðslu vegna brots á 1.,
sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga og sviptingu ökuréttar í fjóra mánuði
frá 27. apríl 1995. Refsing ákærða X þykir hæfilega ákveðin varðhald í 30
daga.

Vegna aldurs X og þar sem hann hefur ekki áður sætt varðhaldsrefsingu,
þykir mega fresta fullnustu refsingarinnar, þannig, að hún falli niður að
liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærði almennt
skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Við ákvörðun refsingar ákærðu var höfð hliðsjón af því annars vegar, að
þeir unnu brot sitt í sameiningu, en hins vegar, að Vilhjálmur Birgisson átti
að miklum hluta upptök að því, að til árásarinnar kom.

Við ákvörðun refsingar vegna brots í II. lið ákæru var tekið tillit til þess,
að kærandi egndi ákærða með háttsemi sinni.

Sakarkostnaður.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma ákærðu til þess að greiða in
solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð,
60.000 krónur.

Ákærði Svanur Ingi greiði einnig málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns,
Arnar Gunnarssonar héraðsdómslögmanns, 60.000 krónur, auk virðisauka-
skatts.

Ákærði X greiði 60.000 krónur auk virðisaukaskatts í málsvarnarlaun
skipaðs verjanda síns, Tryggva Bjarnasonar héraðsdómslögmanns.

Af ákæruvaldsins hálfu flutti málið Sigurður Gizurarson, sýslumaður á
Akranesi.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan, en upp-
kvaðning hans hefur dregist nokkuð vegna embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð:

Ákærði Svanur Ingi Halldórsson sæti fangelsi í þrjá mánuði.

Ákærði X sæti varðhaldi í 30 daga.

Fresta skal fullnustu refsingar ákærða X, og skal hún niður falla að
liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt
skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Svanur Ingi greiði verjanda sínum, Erni Gunnarssyni hér-
aðsdómslögmanni, 60.000 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærði X greiði verjanda sínum, Tryggva Bjarnasyni héraðsdóms-
lögmanni, 60.000 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærðu greiði in solidum annan kostnað sakarinnar, þ. m. t. saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur.
